

Leiðbeiningar fyrir söluaðila

Hvernig nota á orkumerkingar og vöruupplýsingarblaðið á vefnum

Söluaðila ber að tryggja að orkumerkingar og vöruupplýsingarblaðið birtist rétt í vefverslun sinni.



Þetta rit er til leiðbeiningar og er hvorki tæmandi né lagalega bindandi.

Ef upplýsingar sem hér birtast eru ekki í samræmi við útgefna löggjöf á þessu sviði gildir löggjöfin.

Hver er skilgreiningin á vefverslun?

Vefsíða er skilgreind sem vefverslun ef þar er birt verð og boðinn möguleiki til að kaupa vöru. Sömu reglur gilda um aðra fjarsölu, svo sem sölu með vörulista á vefnum, tölvu-pósti, síma o.s.frv.

Hvaða orkumerkingar er skylt að endurnýja?

Söluaðila er skylt að tryggja að neytendur hafi aðgang að orkumerkingum og vöruupplýsingablaði áður en gengið er frá sölu. Frá því í mars 2021 eiga eftirfarandi vöruflokkar að vera með nýju orkumerkingunum:

- Þvottavélar
- Þvottavélar með þurrkara
- Uppþvottavélar
- Sjónvörp og rafeindarskjáir
- Kælitæki
- Kælitæki sem eru notuð við beina sölu

Frá september 2021 bætast við:

- Ljósgrafar

Ábyrgð söluaðila

Það er ábyrgð söluaðila að tryggja að orkumerkingin og vöruupplýsingablaðið séu:

- Nálægt verði vörunnar
- Í stærð sem er vel sýnileg og læsileg fyrir neytendur
- Aðgengileg neytendum áður en gengið er frá kaupum
- Aðgengileg hvenær sem vara er sýnd á vefnum.

Þetta rit er til leiðbeiningar og er hvorki tæmandi né lagalega bindandi.

Ef upplýsingar sem hér birtast eru ekki í samræmi við útgefna löggjöf á þessu sviði gildir löggjöfin.

Földuð birting fyrir orkumerkingar og vöruupplýsingablöð

Söluaðilar geta valið faldaða birtingu fyrir orkumerkinguna og vöruupplýsingablaðið. Földuð birting orkumerkingarinnar er mynd af ör með orkunýtniflokki vörunnar, sem leiðir til frekari upplýsinga. Það gilda ákveðnar reglur um faldaða birtingu sem söluaðilar skulu fylgja:

- Orkumerkimiðinn skal birtast við fyrsta músarsmell, þegar músarbendli er rennt yfir hann eða með snertingu á snertiskjá. Allur orkumerkimiðinn skal birtast í sprettiglugga, nýjum flipa, nýrri síðu eða með skjámynd. Til að stækka merkimiðann á snertiskjám skulu almennar aðferðir tækisins gilda. Skjámyndinni með merkimiðanum skal lokað með lokunarvalmöguleika eða annarri staðlaðri aðferð til lokunar. Annar texti í stað myndrænnar útfærslu, sem sýndur er þegar ekki tekst að sýna merkimiðann, skal tilgreina orkunýtniflokk vörunnar í sambærilegri leturstærð og þeirri sem notuð er til að sýna verð.
- Örin skal vera í lit sem samsvarar orkunýtniflokki vörunnar á merkimiðanum.
- Orkunýtniflokkur vörunnar skal birtur á örinni í 100% hvítu, feitletruðu Calibri letri og í leturstærð sem er sambærilegri þeirri sem sýnir verðið.
- Á örinni í 100% svörtu, skal sýna fánlega orkunýtniflokka viðkomandi vöru-flokks.
- Faldaða birtingin skal vera á öðru af tveimur eftirfarandi sniðum og stærðin skal vera þannig að örin sé auðsýnileg og læsileg. Bókstafurinn í örinni fyrir orkunýtniflokkinn skal vera staðsettur í miðju rétthyrnda hluta örvarinnar. Bæði bókstafurinn og örin í heild skulu vera með sýnilegar útlínur í 100% svörtu.



Sýna má vöruupplýsingablaðið í faldaðri birtingu, eða með því að vísa í EPREL gagnagrunninn, en þá skal hlekkurinn, sem notaður er til að nálgast það, vera auðsýnilegur og tilgreina með læsilegum hætti „Vöruupplýsingablað“, ekki má notast við hlekk með öðru nafni. Vöruupplýsingablaðið skal birtast við fyrsta músarsmell, þegar músarbendli er rennt yfir hlekkinn eða með snertingu á snertiskjá.

Þetta rit er til leiðbeiningar og er hvorki tæmandi né lagalega bindandi.


Ef upplýsingar sem hér birtast eru ekki í samræmi við útgefna löggjöf á þessu sviði gildir löggjöfin.

Algeng mistök í vefverslunum



Letur er of smátt

Leturstærð orkunýtniflokksins í örinni skal vera sambærileg þeirri sem notuð er til að sýna verð.




Of margar faldaðar birtingar

Einungis má nota ör fyrir orkunýtniflokkinn. Myndtákn má ekki sýna sem ör og ekki má hafa annan texta en orkunýtniflokka í örinni.



Hlekkur í vöruupplýsingablaðið rangur

Hlekkurinn sem notaður er til að nálgast vöruupplýsingablaðið skal tilgreina með læsilegum hætti „Vöruupplýsingablað“, ekki má notast við hlekk með öðru nafni.



Röng útfærsla á ör

Örin verður að vera í þeim lit sem samsvavar orkunýtniflokki viðkomandi vöru. Orkunýtniflokkur vörunnar á að birtast á örinni í 100% hvítu, feitlettruðu Calibri-lettri og í leturstærð sem er jafngild þeirri sem sýnir verðið og hafa fáanlega orkunýtniflokka í 100% svörtu.

Frekari upplýsingar

Fyrir frekari upplýsingar eða spurningar varðandi orkumerkingar sjá hms.is

Þetta rit er til leiðbeiningar og er hvorki tæmandi né lagalega bindandi.

Ef upplýsingar sem hér birtast eru ekki í samræmi við útgefna löggjöf á þessu sviði gildir löggjöfin.